

Nd.

561. Breytingartillögur

[173. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. í stað orðsins „Staðarmörk“ í 2. mgr. komi: Takmörk.
2. Við 3. gr. í stað orðsins „mörkum“ í 2. mgr. komi: takmörkum.
3. Við 5. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo:  
Ef skuldir slíks hrepps eru svo miklar, að þær torveldi sameiningu hreppanna, má ráðuneytið o. s. frv.
4. Við 6. gr. í stað orðsins „staðarmörk“ í 2. mgr. komi: takmörk.
5. Við 7. gr. í stað tölunnar „150“ í fyrri mgr. komi: 200.
6. Við 8. gr. í stað orðanna „ákveður ráðuneytið, hvernig með skuli fara“ komi: sker ráðuneytið úr ágreiningi.
7. Við 17. gr. í stað orðanna „í hvítasunnudag“ í fyrri mgr. komi: á hvítasunnudag.
8. Við 18. gr. Stafliður d falli niður.
9. Við 27. gr. í stað orðsins „atkvæðisefnið“ í síðustu mgr. komi: það.
10. Við 34. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo:  
Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og nefnda hennar, en hefur o. s. frv.
11. Við 40. gr. í stað „innheimtulaun 4%“ í 2. mgr. komi: innheimtulaun samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar, þó eigi yfir 4%.
12. Við 43. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo:  
Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur o. s. frv.
13. Við 46. gr.
  - a. Aftan við 1. mgr. bætist: þó eigi lengur en til 31. marz næsta árs.
  - b. Í stað orðanna „skal vera regla“ í síðustu mgr. komi: skal vera meginregla.
14. Við 47. gr. í stað niðurlags 1. mgr. frá og með orðunum „sé ávaxtað á tryggum stað“ komi: sé ávaxtað og varðveitt á tryggum stað, eftir því sem við verður komið.
15. Við 55. gr. 1. másl. 1. mgr. orðist svo:  
Sveitarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn og í fyrsta skipti að loknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum.
16. Við 92. gr. Upphaf h-liðar orðist svo:  
tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, sem hver um sig hefur fengið meirihlutafylgi sýslunefndarmanna, þegar skipa skal o. s. frv.
17. Við 102. gr. 2. másl. 1. mgr. orðist svo:  
Hann ávaxtar innstæðufé sýslunnar á öruggan hátt og geymir skuldabréf og annast um aðrar eignir sýslufélagsins.